

um frv. til 1. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta hefur verið rætt á allmörgum fundum í nefndinni. Hafa nefndinni borizt erindi út af því frá eftirtöldum aðilum: Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, bæjarstjóranum á Siglufirði, stjórn samtaka kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi og Skattstjórafélagi Íslands. Þá ræddu fulltrúar frá L.Í.Ú. og kaupstaðasamtökunum við nefndina.

Frumvarp þetta um tekjustofna sveitarfélaga er samið af nefnd, sem fjármálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 7. des. 1959, til þess að endurskoða gildandi ákvæði um tekjustofna sveitarfélaga og semja frumvarp til laga um þau efni.

Á undanförunum árum hafa þær raddir gerzt æ háværi í röðum þeirra, sem með sveitarstjórnarmálefni fara, að tryggja þurfi sveitarfélögunum nýja tekjustofna. Með lagasetningu hafa útgjöld sveitarfélaganna verið stórauðin, og má þar sérstaklega til nefna, að hækkun á bótagreiðslum almannatrygginganna á árunum 1960 og 1961 hefur kostað sveitarfélögin mikið fé.

Eins og löggjöf er nú háttáð, er sveitarfélögunum afmarkaður þröngur bás um alla tekjuöflun. Tekjuútsvör og veltuútsvör hafa verið aðaltekjustofnar þeirra, en því eru að sjálfsögðu takmörk sett, hversu langt sveitarfélögin geta gengið í skattlagningu á þeirri braut, ekki sízt nú, þegar sumar greinar atvinnurekstrarins eiga við mikla fjárhagserfiðleika að stríða og almenningur má hafa sig allan við til þess að hafa í sig og á. Það ber því brýna nauðsyn til þess að lögbjóða sveitarfélögunum nýja tekjustofna, og sýnist ekki óeðlilegt, að ríkissjóður afhendi þeim einhverja þá tekjustofna, sem hann nú hefur.

Margir af forustumönnum sveitarfélaganna munu hafa bundið talsverðar vonir að þessu leyti við hið nýja frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú hefur séð dagsins ljós.

En þeir hafa áreiðanlega orðið fyrir vonbrigðum. Í frv. er ekki að finna nein ákvæði um nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin. Landsútsvörin t. d. geta ekki talizt nýr tekjustofn. Þau þýða að vísu nokkurn tekjuauka fyrir einstaka sveitarfélag, en tilsvarendi tekjutap fyrir önnur og þau sum, er sízt skyldi. Að mínu áliti fer því fjarri, að frumvarp þetta feli í sér viðunandi frambúðarlausn á fjárhagsvand-ræðum sveitarfélaganna. Þar þarf meira til að koma.

Vil ég þá víkja að helztu ákvæðum frv. og geta í leiðinni breytingartillagna minna.

II. kafli þess fjallar um fasteignaskatta. Sá tekjustofn hefur um árabil verið notaður af sveitarfélögunum. Heimildin í 5. gr. frv. um, að innheimta megi fasteignaskatt með allt að 200% álagi, þýðir þreföldun fasteignaskattsins frá því, sem er, ef heimildin verður notuð. Þótt velflest sveitarfélögin neyðist eflaust til þess að nota þessa hækkunarheimild til tekjuöflunar, er augljóst, að aukin skattheimta sveitarfélaganna á húseigendur til viðbótar stórkostlegum álögum ríkisvaldsins á þá, sem eru að brjótast í því að byggja, er neyðarúrræði. Var sízt ástæða til þess að höggva aftur í þann knérunn.

III. kafli frumvarpsins fjallar um aðstöðugjald. Kenna má þar gamlan tekjustofn sveitarfélaganna, veltuútsvörin, afturgenginn í breyttu formi.

Aðstöðugjaldið á að leggja á samanlögð útgjöld atvinnurekstrarins, en ekki heildarsölu vöru og þjónustu, eins og veltuútsvörin voru lögð á.

Eins og 9. gr. frv. er orðuð, mætti leggja aðstöðugjald á taprekstur fyrirtækja.

Í heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar fékkst hins vegar samkomulag um að leggja til breytingu á þessu ákvæði á þann veg, að aldrei skyldi aðstöðugjaldið reiknað af hærri upphæð en brúttótekjum nemur. Er hér um breytingu til

bóta að ræða, enda fráleit hugsun að gera taprekstur fyrirtækja að gjaldstofni fyrir sveitarfélögin.

Sennilegt er, að þau atvinnufyrirtæki, er framleiða fyrir erlendan markað, séu einu gjaldendur aðstöðugjaldsins, sem geta ekki velt því yfir á aðra. Hittir aðstöðugjaldið því fyrirtæki sjávarútvegsins umfram allar aðrar atvinnugreinar. Var þó sízt ástæða til þess að lögbjóða auknar álögur á þá atvinnugrein. Ekki eru nema nokkrir mánuðir liðnir, síðan ríkisstjórnin með löggjöf hrifsaði til sín allt að 150 milljónir króna frá útvegsmönnum og sjómönnum með upptöku gengishagnaðar í ríkissjóð og hækkaði útflutningsskatt af sjávarafurðum um 125 milljónir króna á heilu ári.

Inn í frv. vantar þar að auki ákvæði, er komið geti í veg fyrir, að hægt sé að stórhækka álögur á fyrirtæki sjávarútvegsins frá því, sem var, þegar veltuútsvörin voru í gildi. Fyrsta breytingartillaga mín við frv. á að girða fyrir, að til þess komi.

IV. kafli frv. fjallar um jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Þar er að finna ákvæðin um landsútsvör, sem nú eru tekin upp í fyrsta skiptið. Þótt landsútsvörin séu nýmæli, er ekki hægt að telja þau nýjan tekjustofn sveitarfélaganna. Flestir þeir aðilar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að greiði landsútsvör, hafa áður greitt sveitarútsvör í einhverri mynd. Nýmælið er það eitt, að samkv. frv. á að skipta sveitarútsvörum þessum á öll sveitarfélögin eftir mannfjölda.

Ég er fylgjandi hugmyndinni um landsútsvör, en tel, að taka eigi fleiri aðila inn sem gjaldendur landsútsvara en frv. ráðgerir. Flyt ég breytingartillögur um, að auk þeirra aðila, sem frv. gerir ráð fyrir að greiði landsútsvör, þá renni tekjur ríkissjóðs skv. 12. gr. laga nr. 4/1960 frá ársbyrjun 1963 í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, en skv. fjárlögum 1961 er tekjuliður þessi áætlaður 15 millj. kr. Auk þessa greiði tryggingarfélagin $\frac{3}{4}$ % af iðgjaldatekjum sínum í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Þá legg ég til, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og sölunefnd varnarliðs-eigna greiði 7% af hagnaði í stað 5% í jöfnunarsjóðinn. Lengra vil ég ekki ganga að sinni, m. a. vegna þess, að enginn tími hefur gefizt til nákvæmrar athugunar á þessu atriði, þar sem knúið er fast á um afgreiðslu frumvarpsins.

V. kafli fjallar um útsvör. Helzta nýmæli þar er að lögbjóða einn útsvarsstiga á tekjur fyrir landsmenn alla. Tel ég það til bóta.

Við 32. gr. frumvarpsins flyt ég breytingartillögu um hækkun persónufrádráttar frá og með 4. barni. Er hér um mikið sanngirnismál að ræða. Barnmörgu fjölskyldurnar hafa orðið verst úti allra við þær stórauðni álögur í hvers konar óbeinum sköttum, sem átt hafa sér stað á valdaferli núverandi ríkisstjórnar.

Um önnur atriði frv. mun ég fjalla í framsögu fyrir nefndaráliti þessu.

Ég hef nú gert grein fyrir þeim breytingartillögum, sem ég tel nauðsynlegt að gerðar verði á frumvarpinu. Ef ekki verður fallizt á þessar tillögur, mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðslu um frumvarpið.

Alþingi, 27. marz 1962.

Jón Skaftason.